

Miðvikudaginn 6. apríl 1949.

Nr. 131/1948. **Valdstjórnin** (Hermann Jónsson hdl.)
 gegn

Sigþóri Þórarinssyni (Theodór B. Líndal).

Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Jón sýslumaður Steingrímsson hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Í 1. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, eru króknet talin til fastra veiðivéla, og í 25. gr. eru þau nefnd meðal þeirra veiðitækja, sem nota má til laxveiða eða silungs í ám. Höfundar framvarps til ofangreindra laga um lax- og silungsveiði létu því fylgja í athugasemdum rækilega lýsingu á krókneti ásamt uppdrætti af því. Þar segir:

„Króknet eru komin frá lagnetunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildir, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum, grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum yzta kláf er öðru neti lagt undan straumi, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er upp móti straumi. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir, sem lengra dregur forstreymis, unz bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað, að svifa honum svo langt út sem lög leyfa og helzt út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinna. Milli lands og netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veiðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, unz fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.“

Veidivél kærða er í því meginatriði frábrugðin veiðitæki því, sem höfundar laganna miðuðu við, að á veiðivél kærða eru þrjú net með veiðikrókum í stað eins nets með veiðikrók á veiðitæki því, sem átt er við í lögunum. Hefur kærði því með notkun veiðivélar þessarar gerzt brotlegur við 25. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941. En með því að fullvíst má telja, að kærði hafi framið verknaði sína vegna afsakanlegrar vanþekkingar á réttarreglum, þykir rétt samkvæmt síðustu málsgrein sbr. 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Kærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Refsing kærða, Sigþórs Þórarinssonar, fellur niður.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda fyrir héraðsdómi, Theodórs B. Línalds hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómsslögmanns Hermanns Jónssonar og hæstaréttarlögmanns Theodórs B. Línalds, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 24. júlí 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigþóri Þórarinssyni, bónda í Einarsnesi, fyrir meint brot gegn ákvæðum laxveiðilaga, nr. 112 frá 9/10 1941.

Tildrög málsins eru þau, að er Gestur Kristjánsson, veiðieftirlitsmaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hefur eftirlit með veiði í Hvítá, var á

eftirlitsferð um leirusvæði Hvítár 27. maí sl., sá hann, að við eina laxveiðilögn frá Einarsnesi voru lögð 3 króknet. Þar sem veiðimálastjóri hafði tjáð honum, að hann teldi ólöglegt að hafa fleiri en eitt net við hverja fyrirstöðu, og falið honum að gæta þess, að svo væri eigi gert, tók eftirlitsmaðurinn upp tvö netin og kærði síðan Sigþór Þórarinsson, bónda í Einarsnesi, eiganda laxveiðilagnanna, fyrir sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Kærður hefur fyrir réttinum jatað, að hann hafi lagt laxveiðilögn þá, er veiðieftirlitsmaðurinn athugaði, með þeim hætti, að við fyrirstöðuna hafi hann lagt þrjú króknet. En jafnframt tekur hann það fram, að hann telji, að sér hafi verið þetta fullkomlega heimilt, og sé það á engan hátt brot á laxveiðilögunum að hafa fleiri en eitt net við sömu fyrirstöðu.

Hann kveðst að vísu eigi sjálfur hafa stundað laxveiði í Einarsnesi nema sumarið 1947, því að hann keypti jörðina vorið 1947. En hann segir, að maður sá, er hann keypti jörðina af, Sigurmon Símonarson, hafi um langt árabíl stundað laxveiði fyrir landi jarðarinnar á þann hátt, að hann hafi haft fleiri net við sömu fyrirstöðu, og hafi hann gert þetta jafnt fyrir og eftir, að laxveiðilög nr. 61 frá 23/6 1932 tóku gildi. Þá fullyrðir hann, að aðrir þeir, er laxveiði stunda á leirusvæði Hvítár, og einnig sumir þeir, er laxveiði stunda í lagnir í Hvítá ofan óss hennar, hafi fyrr og síðar stundað laxveiðina með þeim hætti að leggja fleiri en eitt net við hverja fyrirstöðu.

Hann benti á, að árið 1936 eða 1937 hefði verið skipaður eftirlitsmaður með veiði á vatnasvæði Hvítár og hefði Gestur Kristjánsson haft þann starfa á hendi alltaf síðan. Eftirlitsmaður þessi hefði á hverju sumri séð fjölda fyrirstaðna með fleiri netum við, en aldrei gert athugasemdir við, að slík veiðitæki væru ólögleg. Væri því í mesta máta undarlegt, er nú væri allt í einu farið að telja veiðiútbúnað þennan ólöglegan, því að ef hann væri nú ólöglegur, hefði hann alltaf verið jafnólöglegur, frá því að lög nr. 61 frá 1932 tóku gildi.

Loks benti hann á nokkra menn, er laxveiði hefðu stundað í lagnir í Hvítá og gætu borið um, að frásögn hans um notkun fleiri króknetja við sömu fyrirstöðu væri rétt.

Veiðieftirlitsmaður, Gestur Kristjánsson, mætti í réttinum og viðurkendi, að algengt hefði verið allan þann tíma, er hann hefur haft veiðieftirlit á hendi á vatnasvæði Hvítár, að fleiri en eitt net væru við sömu fyrirstöðu. Kveðst hann engar athugasemdir hafa gert við þetta, því að sér hafi lengi vel engin fyrirmæli borizt frá Veiðimálanefnd eða veiðimálastjóra um, að telja bæri slíka lögn ólöglega. En nú á síðastliðnum vetri hafi veiðimálastjóri tilkynnt sér, að hann teldi slíka lögn ólöglega, og hafi hann þá að sjálfsögðu kært málið fyrir sýslumanni.

Vitnin Jón Jónsson, vélamaður í Borgarnesi, Þorsteinn Jakobsson, verkamaður á Húsafelli, Hjörtur Helgason, veghefilsstjóri í Borgarnesi, og Viggó Jónsson, bóndi í Rauðanesi, hafa mætt í réttinum. Hafa þeir allir borið það, að um langt árabíl hafi tíðkazt að hafa fleiri net við sömu

fyrirstöðu í laxveiðilögnum á leirusvæði Hvítár og einnig í lögnum í Hvítá ofan óss, en þó verið fátíðara þar. Er framburður Jóns Jónssonar um þetta atriði mjög glöggur og greinargóður, og virðist samkvæmt honum, að þessi veiðiaðferð hafi tíðkapt um 30—40 ára bil.

Veiðimálastjóri, Þór Guðjónsson í Reykjavík, hefur mætt í réttinum. Telur hann, að eigi sé heimilt að hafa fleiri en eitt net við hverja fyrirstöðu. Kveðst hann byggja þetta álit sitt á greinargerð með fyrsta frumvarpi að laxveiðilögum nr. 61 frá 1932, er lagt var fram á Alþingi árið 1930. Bendir hann á VIII. kafla greinargerðarinnar, þar sem lýst er föstum veiðivélum og notkun þeirra (Alþingistíðindi 1930, A., 6. hefti, bls. 879). Er þar uppdráttur og lýsing af veiðivél, er nefnist króknet, og telur hann, að sú veiðivél megi eigi, að því er veiðiútbúnað snertir, vera með öðrum hætti en uppdrátturinn sýnir, en hann sýnir aðeins eitt króknet við fyrirstöðu.

Að réttarins áliti er það sannað með framburði vitna, að jafnt fyrir og eftir gildistöku laga nr. 61 frá 1932 og allt til vorsins 1948 hafi það tíðkapt og verið látið óátalið af veiðieftirlitsmanni, að laxveiðilagnir í Hvítá og á leirusvæði hennar væru með þeim hætti, að fleiri en eitt net væru við sömu fyrirstöðu, en af því hlýtur að leiða, að allsterk rök verða að koma fram fyrir því, að veiðiaðferð þessi brjóti í bága við laxveiðilögin, ef banna á hana, og það því fremur sem í greinargerð fyrir frumvarpi til laxveiðilaga, er lagt var fram á Alþingi 1930 og telja verður frumdrög að laxveiðilögunum frá 1932, segir í umsögn um 25. gr., að ætlunin sé að heimila öll þau veiðitæki, sem notuð hafi verið til þess tíma.

Rétturinn lítur svo á, að uppdráttur sá, er veiðimálastjóri vísar til og birtur er í Alþingistíðindum 1930, A., 6. hefti, bls. 880, sýni að vísu, hvernig veitt er með krókneti. En af því verður á engan hátt ályktað, að króknet megi eigi nota á annan hátt en þar er sýnt, enda stendur í lýsingu á veiðitækjum, er uppdrættinum fylgir: „Króknetin eru venjulegast þannig gerð.“

Ber því að telja, að uppdrátturinn sýni veiðitækið eins og almennast var, að það væri notað á þeim tíma, er lagafrumvarpið var samið. En sýnilegt er, að eigi getur verið jafnhagkvæmt að nota það óbreytt við allar aðstæður. Þar sem fyrirstaðan liggur beint út frá árbakka og er stutt, er engin þörf á að hafa fleiri en eitt net við hana. En er fyrirstaðan er sett á leirusvæði úti í miðri á, er enginn bakki til að mynda aðra hlið kvíarinnar, og verður þá að mynda hana með öðru neti eða leiðara.

Samkvæmt framansögðu og þar sem eigi verður fundið í laxveiðilögnum neitt ákvæði, er leggi bann við því að hafa fleiri en eitt króknet við sömu fyrirstöðu, ber að sýkna kærðan af kærðu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns kærðs, kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera :

Kærður, Sigbór Þórarinnsson, bóndi í Einarsnesi, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda kærðs, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, 500.00 — fimm hundruð — krónur.

Miðvikudaginn 6. apríl 1949.

Nr. 97/1948. **Alfreð Guðmundsson** (Tómas Jónsson)

gegn

Búnaðarfélagi Garða- og Bessastaðahrepps og Gísla Guðjónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking. Málið ekki lagt til sátta.

Dómur Hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa höfðu fyrir fram samið skriflega um að ganga fram hjá sáttamönnum um sáttatilraun í málinu. Átti héraðsdómari því samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi hinn 9. marz f. á., eftir að stefndu höfðu lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. málsg. 106. gr. sömu laga. Ekki sést, að héraðsdómari hafi leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndu hafa ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, og fellur því málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er að framan greinir, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.